



Ránargata 18  
101 Reykjavík  
Sími: 552 5242  
Fax: 562 5242  
Netfang: landvernd@landvernd.is  
Veffang: www.landvernd.is

**LANDVERND**

*Alþingi*

*Erindi nr. P 130/1618*

*komudagur 31.3.2004*

**Umhverfisnefnd Alþingis**  
Bt. Evu Margrétar Ævarsdóttur  
Alþingi  
150 Reykjavík

28. mars 2004

Efni:

**Umsögn um frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum (mál 594)**

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér framangreint frumvarp.

Stjórnin tekur undir breytingatillögurnar og telur að þær muni gera stjórnun þessara mála skilvirkari.

Stjórn Landverndar tekur sérstaklega undir breytingartillögu er varða verndun hafarnarins því þær skýri betur í hverju verndunin felst og þar með yrði réttaróvissu eytt. Stjórnin vill jafnframt minna á að verndun villtra dýra eins og hafarnarins getur haft neikvæð áhrif á möguleika hlunnindabúskapar og því eðlilegt að stjórnvöld hlutist til um að bæta þeim tjón sem sannanlega verða fyrir því vegna lögboðinna friðunaraðgerða. Ástæða er til að hafa ákvæði í lögnum um þetta atriði.

Í 2. gr. núgildandi laga segir að lögín nái hvorki til hvala né sela en um þær tegundir gilda sérstök lög. Nú hafa komið fram upplýsingar þess efnis að útselastofninn hafi minnkað svo mikið að það kalli á verndunaraðgerðir. Stjórn Landverndar minnir á þá ábyrgð sem hvílir á Íslendingum í þessu sambandi og beinir því til umhverfisnefndar að breyta gildisviði laganna þannig þau nái einnig til sela.

Virðingarfyllt,

f.h. stjórnar Landverndar

  
Tryggvi Feltason framkvæmdastjóri